


# Metnaðarfull sýning

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík sýnir að Kjarvalsstöðum

Um síðustu helgi opnaði Myndhöggvarafélagið í Reykjavík stóra samsýningu að Kjarvalsstöðum. Hvorki meira né minna en 20 meðlimir félagsins sýna þar verk sín, nær 50 að tölu. Þetta er án efa veglegasta sýning félagsins til þessa, en Myndhöggvarafélagið var stofnað árið 1972 með það fyrir augum að stuðla að framgangi höggmyndarinnar, en fram til þess tíma hafði höggmyndum verið sýnd fremur lítil virðing og fáir listamenn lagt hana fyrir sig. Reyndar var hafin vakning meðal myndhöggvara á 7. áratugnum með sýningum á Skólavörðuholti, framan við Ásmundarsal. Það er nokkuð táknrænt að sýningar þessar skyldu einmitt vera staðsettar fyrir framan fyrrum vinnustofu Ásmundar Sveinssonar og við hliðina á Listasafni Einaris Jónssonar.

einnig. Nú stígur Myndhöggvarafélagið fram á völinn sem samstað og virk heild, ákveðið í að sýna sínar bestu og fjölbreytilegustu hliðar. Með starfinu að Korpúlfsstöðum hefur hópurinn öðlast styrk og staðfestu sem birtist á Kjarvalsstöðum í óvenjukraftmiklu og heilsteyptu framlagi. Það er unun að sjá hvernig hver einstakur meðlimur leggur sig fram um að gera sýninguna sem veglegasta.

Myndhöggvarafélagið hefur þurft að sækja á brattann gagnvart almenningi og einnig sjálfu sér til staðfestingar, því höggmyndalist er vandasöm list og uppskeran ekki alltaf í samræmi við þúlið. Með þessari sýningu standa þeir með pálmann í höndunum. Þetta er greinilega framsæknasta liðsheildin innan Sambands myndlistarmanna, sú sem leggur sig mest fram og er í



Cliché: Tveim dögum eftir að Alice fór að heiman, 1985, eftir Ólaf Lárússon.

mestri snertingu við líðandi stund.

## Samheldni og þróttur

Við getum spurt okkur hvað liggja til grundvallar þessari velgengni. Það þarf ekki að fara langt til að leita svara. Nærtækast er að benda á allt það unga fólk sem nú fylkir sér inn á braut höggmyndalistarinnar og er fullt af krafti og vilja til að brjóta upp á ferskum leiðum. Að baki því stendur hópur eldri manna sem halda sér ungum í anda og brydda ætíð upp á nýjungum af fullkomnu fordómaleysi.

Slíkt andrúmsloft gæti ekki skapast innan félagsins ef forpokun réði ferðinni. Myndhöggvarar virðast hafa átt því láni að fagna

að geta unnið saman að sameiginlegum málum og þá hefur ekki skort kjark til að bregðast rétt við nýjum tímum. Innganga nýrra félaga hefur að því er virðist gerst átakalaust og félagið hefur getað

tennurnar úr stórum myndlistarfélagum.

Vissulega er sýningin misjöfn í smáatriðum. Hér eru á ferð tveir tugir listamanna og upplag þeirra er ólíkt og gæði og efni einnig. En samsetning og skipulag gerir það að verkum að frjáls andi ríkir þar og hver listamannanna nýtir sín með ágætum. Að vísu má sakna vissra manna s.s. þeirra Ívars Valgarðssonar og Brynhildar Þorgeirsdóttur. En þau eru bæði erlendis að því er ég best veit og einnig sláðingur annarra listamanna sem lagt hafa höggmyndalist fyrir sig. Það eitt sýnir hvílt úrval er af ungu og upprennandi blóði í þessari listgrein.


Ef heldur fram sem horfir, þá má búast við gullöld á sviði höggmyndalistar á komandi árum.

HBR



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

stýrt framhjá þeim deilum sem svo oft hafa plagað og dregið víg-



An titils, 1985, eftir Jón Gunnar Arnason.

Sýningarnar á Skólavörðuholti hófust árið 1967 og mörkuðu vissulega tímamót. Þeim var ekki sérlega vel tekið af borgarbúum, sem eins og svo margir sýningargestir fyrr og síðar héldu að verið væri að gera gys að sér. Fyrst og fremst voru það uppátæki listamanna og óhefðbundin framsetning listaverkanna sem reittu fólk til reiði, þau þrjú ár sem sýningin var haldin á Holtinu.

## Frá Skólavörðuholti að Korpúlfsstöðum

Á þeim árum var það andrúmsloftið, afstaðan og afdráttarleysið sem blés lífi í starfsemi væntanlegra meðlima Myndhöggvarafélagsins. Verkin skiptu minna máli en fjaðrafokið kringum þau. Brauðvarðan var dæmd til að verða að graut eða fuglum að bráð. Mestu máli skipti að hún var fjarlægð af heilbrigðisfyrvöldum og varð þar með ódauðleg. Þvottavélin og grasflaugin voru jafn forgengileg verk, en hafa þrátt fyrir það öðlast sinn varanleika í hugum þeirra sem börðu þessi verk augum.

Það var m.ö.o. nýstárleiki þessara verka í landi sem ekki hefði komist fyrir í kynni við rötæka framúrsteffnulist 7. áratugarins, sem skipti sköpum fyrir íslenska höggmyndalist. Núna, nær tuttugu árum síðar hafa flestir jafnað sig eftir „sjokkið“, enda hafa aðstæður breyst og verkin

# Metnaðarlaus sýning

FÍM með vorsýningu í Kjarvalssal

Félag íslenskra myndlistarmanna (FÍM) sýnir a austursal Kjarvalsstaða (Kjarvalssal) og verður að telja það viðburð þegar tvö stór félög, FÍM og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík leggja undir sig þetta stóra hús. Sýnendur á vorsýningu FÍM, 1985, eru hvorki meira né minna en 30 talsins og verk þeirra eru 112 að tölu.

Í kjarna sýningarinnar eru 5 listamenn að þessu sinni, þau Jóhann Briem, Magnús Kjartansson, Valgerður Bergsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir og Sigurður Sigurðsson. Þessi kjarni er myndaður af félögum, en enginn gestur er þetta árið. Segja má að þessi kjarni sé auk tveggja til þriggja annarra listamanna, skammlausasti partur sýningarinnar.

## Bútasala

Það er ekki gaman að þurfa að segja það, en vorsýning FÍM er jafn mislukkuð og sýning Myndhöggvarafélagsins er vel heppn-

uð. Samanburðurinn er óhjákvæmilegur, svo ólíkar eru þessar sýningar. Fimmmenningunum í kjarnanum tekst ekki einu sinni að hysja upp um heildina, þótt framlag þeirra sé metnaðarfullra en hinna.

Sýningin er svo þurr og dapurleg að nálgast eyðimörk. Þótt einhverjar vinjar megi finna nægja þær engan veginn til að svara áhorfendum sem álpast inn í salinn. Það vantar m.ö.o. sáfa í heildina, áræði jafnt sem sköpunargleði. Það er leitun, hreint og beint, að finnum dráttum í þessari vesöld. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra og hallast maður helst að því að betur hefðu listamennirnir haldið sig heima.

Hvers vegna? Jú, það er vegna þess að þeir bestu meðal einstaklinganna líða fyrir heildina sem dregur þá niður. Það er ekki nokkur vafi að allt þetta bøl stafar af metnaðarleysi og móralsleysi. Í stað þess að hver einstaklingur sýni sínar bestu hliðar og keppist um að gera heildina sem heilsteyptasta, er afgangum

fleygt í hítina, einhverju sem ekki hefur selst á öðrum sýningum og því verður sýningin eins og bútasala hjá gjaldþrota búðarholu.

Svona þrotabú er ekki vænlegt til að auka orðstír félagsins út á við né sjálfsvirðingu inn á við. En þetta er vandamál sem alltof lengi hefur legið óleyst; nefnilega, hvernig eigi að lífga lúin bein.

## Hvar er gleðin?

Eða hvað á þetta andlausa dútl að þýða? Það sem af er áratugnum hefur málverkið ráðið lögum og lofum í listaheiminum. FÍM er einmitt félag málara fyrst og fremst, sem á liðnum áratug kvörtuðu sáran undan ágangi hugmyndalistarinnar sem var við það að ganga af málverkinu dauðu. Nú þegar málalalisti hefur lifnað að nýju er eins og liðirnir í FÍM hafi stírnáð og penslarnir ofþornað.

Hvað ræður þá ferðinni? Það er einhver gömul akademísk tregða ofnosturs og offágunar;

draumurinn um að „l'oeuvre bien faite“ geti dulið andleysið. Það er trúin á það að listin sé ekki annað en upphafin iðnaðarmennska. Slík trúarbrögð eru ekki annað en spark í rassinn á þenkjandi listamönnum. Þau eru í andstöðu við sanna list, því allar götur frá því Leonardo reyndi að koma mönnum í skilning um að listin væri annað og meira en stásmubblugerð, (L'arte e una cosa mentale: Listin er afurð hugans), hefur þurft meira en iðnaðarmennsku til að gera listaverk.

FÍM er orðið líkt og Salóinn gagnvart impressionistunum. Yfir starfsemi félagsins er einhver köngurlóarvefur sem framsæknustu meðlimum hefur ekki tekist að rífa fremur en flugunum sem í honum festast. Hvar er gleðin? Spyrja menn. Hvar er sorgin, heftin, áræðið og allt hitt sem gerir list að list? Þetta er alvörumál sem félagið verður að ráða bót á hið snarasta, ef ekki á að fara fyrir næstu vorsýningu eins og komið er fyrir þessari.

HBR